

Bryndís Zoëga
Guðný Zoëga

Fornleifaskráning vegna skógræktar á Víðum í Reykjadal



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2018/209

Forsíðumynd: Horft til vesturs heim að Víðum



© Bryndís Zoëga & Guðný Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2018/209

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar.....	3
Aðferðarfræði.....	4
Víðar – söguágrip	5
Fornleifaskrá.....	6
Niðurstöður og samantekt	12
Heimildaskrá	13

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráði fornleifar innan skógræktarreits í landi Víða í Reykjadal að beiðni landeiganda.

Skráningarsvæðið er 74ha að stærð og liggur norðan og austan túns á Víðum. Svæðið er afgirt og fór skráning eingöngu fram innan afmörkunarinnar. Svæðið var gengið og minjar sem fundust hnitsettar, teiknaðar upp með nákvæmu gps tæki og þeim lýst. Í nokkrum tilfellum voru minjarnar staðsettar á vettvangi en síðan skráðar í heild sinni af loftmynd.

Í skýrslunni er stutt ágrip af sögu Víða, yfirlit yfir fornleifar sem skráðar voru á vettvangi og í lokin eru niðurstöður skráningarinnar teknar saman. Í viðauka er hnitaskrá og yfirlitskort yfir skráningarsvæðið.

Landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð og upplýsingar.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar: 1963

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...]“

„Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær útihúsatóft frá Víðum raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [1963-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við hættu vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Víða.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Víðar – söguágrip

Víðar koma fyrst fyrir í jarðakaupabréfi dagsettu þann 25. október 1504. Þá seldu þau Hallur Ketilsson og Solveig Jónsdóttir, Gottskálki grimma Nikulássyni biskupi á Hólum jarðirnar Víðar í Reykjadal og Helluvað við Mývatn og fengu í staðinn Skútustaði í Mývatnssveit (Íslenskt fornbréfasafn VII, 731). Víða er næst getið í Sigurðarregistri frá 1525 og er hún þá enn í eigu Hólabiskups (Íslenskt fornbréfasafn IX, 301) en þá er Jón Arason tekinn við biskupsembættinu. Í jarðakaupabréfi frá 1536 kemur fram að Ari Jónsson lögmaður, sonur Jóns Arasonar biskups, hafi keypt Víða, ásamt fleiri jörðum af Páli Grímssyni bónda (Íslenskt fornbréfasafn IX, 766; XI, 115; XII, 86). Árið 1712 er jörðin komin í eign konungs (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 188) og var enn í konungseign 1849 (jarðamat 1849 (28) 0012v).

Víðar voru að fornu metnir á 12 hundruð en með nýju jarðamati 1861 var dýrleikinn lækkaður í 9 hundruð (Ný jarðabók 1861, 126).

Í jarðamati frá 1849 er Víðum svo lýst: „Víðar, konungseign, nú talið 12 hundruð, hefur framfleytt að meðaltali í 25 ár 8 hundruð, en virðist nú að geta framfleytt í meðal árið 4 málnytju kúgildum og 4 hundruð af öðrum peningi. Túnið stórt og graslítið, fóðrar rúmlega 1 kú. Engið getur ekkert heitið, nema lítið eitt í forarmýri, sem varla verður notað fyrir vegalengd. Litlir og lélegir sumarhagar fyrir stórgripi; hagkvisti, gott fyrir sauðfé og landrými æði mikið; málnytja í meðallagi; vetrararbeit allgóð, en erfið vegna vegalengdar; grasheiði og lambatollar til lítils hagræðis; torfrista er engin; 3 menn vinnandi þurfa hér.“ ((28) 0012v).

Fimm voru til heimilis að Víðum þegar manntal var fyrst tekið á Íslandi árið 1703. Fram eftir 19. öld bjuggu þar upp undir 10 manns en í lok 19. aldar og í byrjun þeirrar 20 fjölgar heimilisfólki og eru 17 í heimili þegar flest er árið 1920. Þá virðist tvíbýli á jörðinni en annars var þar einbýli (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands).

Í Fasteignaskrá eru Víðar (landeignanúmer L153822) skráð sem jörð í byggð en eina skráða bygging er íbúðarhús byggt 1909. (Fasteignaskrá, Þjóðskrá Íslands). Ekki er lengur föst búseta á jörðinni..

Fornleifaskrá

Víðar-1963-1

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir

Í brekkunni, rétt austan eða ofan heimatúnsins á Víðum, rúmlega 30m sunnan heimreiðar er útihúsatóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og er 5x8,5m að utanmáli. Dyr hafa verið vestast á suður langvegg. Veggir eru grjóthlaðnir, hrundir, 40-100cm háir og um metri á breidd. Þeir eru vel grónir en sér í grjót í hleðslum. Upp við tóftina að austan er ferköntuð slétt flöt sem hefur mögulega verið afgirt.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er ekki á túnakorti sem prentað er 1919 og því hafa húsin annaðhvort verið fallin úr notkun þá eða ekki búið að reisa þau. Tré hefur verið plantað við tóftina.



Mynd 1. Útihúsatóft [1963-1]. Mikið gras var á tóftinni þegar skráning fór fram og veggir því ógreinilegir.

Víðar-1963-2

Hlutverk: Óþekkt, rétt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir

Í brekkunni, rétt austan eða ofan heimatúnsins á Víðum, rúmlega 30m sunnan heimreiðar er fjárhústóft [1963-1] og rúmlega 5m sunnan hennar er hlaðinn veggur.

Lýsing

Í brekkunni sunnan undir fjárhústóft [1963-1] er 10-40cm há grjóthleðsla. Hún er 4m að lengd frá norðri til suðurs og 9m frá austri til vesturs en enginn veggur er til norðurs. Hlutverk er óljóst en hugsanlega hefur verið þarna rétt eða hlaðið undir girðingu.

Víðar-1963-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir


Í brekkunni, rétt austan eða ofan heimatúnsins á Víðum, rúmlega 90m sunnan heimreiðar er tóft. Hún er í grónum móa.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin og eru stórir steinar í vegghleðslunni. Hún er 4,5x5,5m að utanmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru hrundir, 10-30cm á hæð og metri á breidd, lyngi vaxnir.



Mynd 2. Yfirlitstekning sem sýnir leifar útihúsa og réttar [1963-1-3]



Mynd 3. Yfirlitstekning sem sýnir rétt [1963-4] og niðurgroft [1963-5].

Víðar-1963-4

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir

Í brekku, austur og upp af túninu á Víðum, rétt tæpa 400m suðaustur frá íbúðarhúsinu eru tóftir réttar.

Lýsing

Réttin er hlaðin upp við brekku og ofan hennar í hliðinni er uppblásinn stallur. Brekkan hefur líklega myndað austur hlið réttarinnar. Réttin er tvískipt og nokkuð óregluleg að lögun. Eldri og jarðsokknari veggir eru utan til og mynda þeir óreglulegt hól um 25 x 20 m að stærð. Veggir mjög grónir og fornlegir og um 50cm þar sem hæstir. Innan þessa hólfs er

minna óreglulegt hól um 12 x 18m. Það hefur líklega verið hluti af réttinni frá upphafi en veggir hafa verið gildaðir upp og eru um 20-60cm að hæð og um metri á breidd. Vera kann að hluti veggjarins hafi verið notaður undir vírgirðingu. Réttin hefur því augljóslega verið endurnýtt en þá einungis minna hólfið.

Víðar-1963-5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur, hleðsla?

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir

Í brekku, austur og upp af túninu á Víðum, rétt tæpa 400m suðaustur frá íbúðarhúsinu og um 15m suðvestur af rétt [1963-4] er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er 2,5x15m að innanmáli og 10-100cm djúpur. Austurhlið hans er mögulega upphlaðin en þó var það nokkuð óglögg.

Aðrar upplýsingar

Tilgangur þessa niðurgröftar er óþekktur og landeigendur könnuðust ekki við hann. Óvíst er hvort um fornt mannvirki er að ræða en þarna kann líka að hafa verið tekið torf, t.d. fyrir réttina [1963-4]. Svæðið er þó gróið lyngi líkt og umhverfið.



Mynd 4. Niðurgröftur [1963-5]. Möguleg hleðsla er meðfram honum að austan (til vinstri). Horft er til suðurs.



Mynd 5. Horft eftir garði (1963-6) til austurs. Neðst á myndinni má sjá lágvaxinn runnagróður sem er farinn að vaxa á garðinum.

Víðar-1963-6-

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir

Í suðaustur horni skráningarsvæðisins, um 920m suðaustur af íbúðarhúsinu er fornt garðlag.

Lýsing

Garðurinn er gamall að sjá mikið hruninn og jarðsokkinn. Hann er mest um 40cm hár en allt að 5-6m á breidd. Hann er gróinn lyngi og vex á honum lágvaxinn runnagróður. Í ornefnaskrá (bls. 3) segir að garðurinn, sem liggur austur-vestur, hafi náð frá Mávafni og fram á Votabjarg sem er í gili Reykjadalárs. Garðurinn sést nú aðeins á köflum en hefur blásið upp á löngum kafla, einkum suður af

Bæjarási, þar sem nú heitir Langaflag. Næst ánni er greinilegur um 160m langur kafli af garðinum. Hann hverfur svo á 450m löngum kafla upp brekkuna, austur fyrir Langaflag (sjá meðfylgjandi kort aftast í skýrslu) þar sem hann er aftur greinilegur á 90m kafla. Garðurinn rofnar svo þar sem girðingin sem afmarkar skógræktarsvæðið liggur en er svo aftur greinilegur á um 540m löngum kafla til austurs frá henni en sést ekki nema hálfa leið að Másvatni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víða (bls. 3) segir: „Gamall garður liggur þvert yfir úr Másvatni og kemur fram á Votabjarg. Sumstaðar hefur garður þessi blásið upp, og meðfram honum syðst í Bæjarás er Langaflag.“ Aðeins sá hluti garðsins sem er innan skráningarsvæðis var mældur á vettvangi en hinir hlutar hans voru mældir eftir loftmynd.

Víðar-1963-7

Hlutverk: Leið, samgöngubót

Tegund: Gata, brú

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir

Norðan og norðaustan við túnið á Víðum og austan með norðurhluta þess eru götur á að minnsta kosti tveimur stöðum.

Lýsing

Götur liggja til norðurs frá túninu og a.m.k. norður að læk þeim sem rennur úr Máslæk til vesturs í Reykjadalssá. Göturnar eru tæplega 200m langar frá túngirðingunni að læknum. Á einum stað virðist vera brú, líklega úr torfi, yfir smá drag eða gamla lækjarfarveg. Göturnar sjást svo á loftmynd norður frá læknum og a.m.k. að Máslæk. Hlutverk og aldur er óviss en mögulega hefur verið farið þarna um með skepnur, frekar heldur en að um reiðleið sé að ræða.



Mynd 6. Upphlaðin brú yfir drag eða gamlan lækjarfarveg. Horft er til suðvesturs.



Mynd 7. Horft eftir götunni til norðurs.

Víðar-1963-8

Hlutverk: Leið, samgöngubót

Tegund: Gata, brú

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir

Norðan og norðaustan við túnið á Víðum og austan með norðurhluta þess eru götur á að minnsta kosti tveimur stöðum.

Lýsing

Götur liggja austan með norðurhluta túnsins, norður fyrir það og liggja a.m.k. norður að læk þeim sem rennur úr Máslæk, til vesturs og í Reykjadalsá. Göturnar eru á kafla vel greinilegar og voru skráðar að hluta á vettvangi og að hluta af loftmynd þar sem þær sjást nokkur greinilega. Á einum stað virðist vera hlaðin brú yfir drag eða gamlan lækjarfarveg. Hlutverk er óvíst en eins og með götur [1963-7] virðist líklegra að þarna hafi verið reknar skepnur, frekar en að um reiðleið sé að ræða.

Víðar-1963-9

Hlutverk: Leið

Tegund: Götur

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir

Gamla heimreiðin á Víðum (bílvegur) liggur sunnan við núverandi heimreið. Rétt austan við túnið er hlykkur á heimreiðinni og frá honum liggja reiðgötur til suðausturs og svo austurs í átt að Másvatni.

Lýsing

Göturnar voru mældar og teiknaðar upp af loftmynd þar sem þær sjást vel. Þær eru 530m langar innan skráningarsvæðis. Á loftmyndinni má sjá að austan skógræktargirðingar halda göturnar áfram, til austurs, norðan við svonefnda Heybandshóla og að Grófinni, rétt áður en hún fellur í Máslæk (sjá örnefnaskrá bls. 2).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víða (bls. 2) segir: „Suður af Stekkjarsundi og Stekkjarholti eru hólur, sem heita Heybandshólar.“ Í athugasemdum við örnefnaskrá Víða, sem gerðar voru 1982, segir: „Ekki mun hafa verið bundið hey á Heybandshólum. Þar lágu götur yfir, og var farið þar um með hey.“ Líklega er hér um sömu götur að ræða og á loftmynd má sjá greinilegar mógrafir við Máslæk og ekki er ólíklegt að þarna hafi einnig verið heyjað áður.

Víðar-1963-10

Hlutverk: Leið

Tegund: Götur

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir

Reiðgötur liggja til suðausturs vestanvert í Bæjarási allt að Langaflagi, þar sem þær hverfa. Þær sjást svo aftur sunnan flagsins og liggja áfram að og suður fyrir skógræktargirðinguna.



Mynd 8. Horft til suðurs eftir reiðgötum [1963-10].

Lýsing

Göturnar eru sýnilegar á um 500m kafla innan skráningarsvæðisins. Þarna sjást nokkrar götur, samsíða og eru að líkindum reiðgötur. Göturnar eru ekki augljósar næst túninu en hafa þó að öllum líkindum legið alveg heim að bæ. Á loftmynd má sjá göturnar liggja áfram frá skógræktargirðingu til suðurs og hafa mögulega legið að Viðaseli. Göturnar voru að hluta mældar upp af loftmynd og að hluta á vettvangi.

Niðurstöður og samantekt

Alls voru skráðar 10 minjar innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis í landi Víða. Í töflu 1. er að finna yfirlit yfir minjarnar, hlutverk, áætlaðan aldur og hættumat. Af skráðum minjum eru tvennar útihúsatóftir [1963-1,3], tvennar réttir [1963-2, 4], farnar götur [1963-7-10] auk gamals garðlags [1963-6] og niðurgrafter [1963-5].

Tafla 1. Skráðar minjar, hlutverk, aldur og hættumat.

númer	tegund	hlutverk	aldur	ástand	hættumat	orsök
1963-1	tóft	útihús	1800-1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt
1963-2	hleðsla	óþekkt, rétt	1850-1950	greinanleg	hætta	trjárækt
1963-3	tóft	óþekkt	1500-1900	greinanleg	hætta	trjárækt
1963-4	hleðsla	rétt	800-1950	greinanleg	hætta	trjárækt
1963-5	niðurgröftur, hleðsla	óþekkt	1500-1950	greinanleg	hætta	trjárækt
1963-6	garðlag	óþekkt	800-1500	greinanleg	hætta	trjárækt, rof
1963-7	gata, hleðsla	leið	1700-1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt
1963-8	gata, hleðsla	leið	1700-1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt
1963-9	gata	leið	1000-1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt
1963-10	gata	leið	1000-1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt

Elstu minjarnar kunna að vera reiðgötur [1963-9 og 10] og fornt garðlag [1963-6]. Garðurinn hefur legið þvert yfir skógræktarsvæðið en er nú að stórum hluta uppblásinn og útfluttur. Hann er nánast alfarið lyngi gróinn og fellur vel að umhverfi sínu, sem bendir til þess að hann sé mjög gamall. Erfiðara er að segja um aldur reiðgatnanna en þær gætu hafa verið í notkun frá fornu fari. Rétt [1963-4] er nokkuð fornleg, lyngi gróin og veggir jarðsokknir, en hún hefur einnig verið nýtt á síðari tímum. Sama má segja um niðurgröft [1963-5] suðvestan hennar. Aðrar götur og útihúsatóftir ofan túns eru yngri.

Í skýrslunni eru allar minjar metnar í hættu vegna trjáræktar þar sem að þær eru innan áætlaðs skógræktarsvæðis. Þar sem fornleifaskráning er fyrirliggjandi er hægt að taka tillit til minja við skipulag skógræktarinnar. Í 22. gr. laga um menningarminjar (nr. 80 29. júní 2012) er skilgreint 15m friðhelgað svæði umhverfis friðaðar minjar (þ.e. minjar eldri en 100 ára), nema að annað sé ákveðið. Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir til verndar minjum eru á höndum Minjastofnunar Íslands.

Heimildaskrá

Íslenzkt fornbréfasafn VII. 1170-1505. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1903-1907.

Íslenzkt fornbréfasafn IX. 1262-1536. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1909-1913.

Íslenzkt fornbréfasafn XI. 1310-1550. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1915-1925.

Íslenzkt fornbréfasafn XII. 1262-1536. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1909-1913.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 11. bindi Þingeyjarsýsla. Kaupmannahöfn; Hið íslenska fræðafélag, 1913-1943.

Ný jarðabók fyrir Ísland. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan. Kaupmannahöfn, 1861.

Víðar. Heimildamaður Geir Ásmundsson fyrrum bóndi í Víðum. Svavar Sigmundsson las saman, 1968. Örnefnastofnun Íslands.

Víðar athugasemdir. Heimildamenn Björg Aradóttir, Steinunn Ásmundsdóttir og Vilborg Forbergs. Jónína Hafsteinsdóttir skráði, 1982. Örnefnastofnun Íslands.

Stafrænar heimildir

Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. Aðgengilegt á www.manntal.is. Skoðað 12.08.18.
[http://manntal.is/leit/itarleit=\(leitarord=;heimili=V%C3%AD%C3%B0ar;sysla=null;sokn=null;stada=null;aldur=null;kyn=null\)/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1816](http://manntal.is/leit/itarleit=(leitarord=;heimili=V%C3%AD%C3%B0ar;sysla=null;sokn=null;stada=null;aldur=null;kyn=null)/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1816).

Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðavefur. Jarðamat 1849-1950 S- og N-Þingeyjarsýsla. Bls. (28) 0012v. Aðgengilegt á www.handrit.is. <https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB&sourceId=Jar%F0amat+1849-1850+S-+og+N-%DEingeyjars%FDsla&style=&navpanes=0&view=Fit>. Skoðað 12.08.18.

Túnakort Víða og Víðasels. Aðgengilegt á:


http://manntal.is/myndir/Tunakort/Thingeyjasysla/S-Thingeyjasysla/Reykdaela-hreppur/Vefmyndir/Reykdaelahreppur_038.jpg. Skoðað 12.08.18.

Þjóðskrá Íslands. Fasteignaskrá. Aðgengilegt á: <https://skra.is/default.aspx?pageid=d5db1b6d-0650-11e6-943c-005056851dd2&selector=streetname&streetname=V%C3%AD%C3%B0ar-&submitButton=Leita>. Skoðað 12.08.18.

Fylgiskjöl

Hnitaskrá Víðar 2018-209

númer	jörð	tegund	hlutverk	aldur frá	aldur til	ástand	hættumat	orsök	vegghæð frá	vegghæð til	breidd	austun	norðun
1963-1	Víðar	tóft	útihús	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	0.4	1.0	1	578004	572959
1963-2	Víðar	hleðsla	óþekkt, rétt	1850	1950	greinanleg	hætta	trjárækt	0.1	0.4	1	578011	572951
1963-3	Víðar	tóft	óþekkt	1500	1900	greinanleg	hætta	trjárækt	0.1	0.3	1	578015	572900
1963-4	Víðar	hleðsla	rétt	800	1900	greinanleg	hætta	trjárækt	0.2	0.6	1	578077	572650
1963-5	Víðar	niðurgroftur, hleðsla	óþekkt	1500	1950	greinanleg	hætta	trjárækt	0.1	1.0	0	578060	572631
1963-6	Víðar	garðlag	óþekkt	800	1500	greinanleg	hætta	trjárækt	0.0	0.4	6	578446	572296
1963-7	Víðar	gata, hleðsla	leið, samgöngubót	1700	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	0.3	1.0	1	578022	573300
1963-8	Víðar	gata, hleðsla	leið, samgöngubót	1700	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	0.0	1.0	2	577860	573351
1963-9	Víðar	gata	leið	1000	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	0.0	0.0	0	578154	572900
1963-10	Víðar	gata	leið	1000	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	0.0	0.0	0	578232	572566



1963-8

1963-7

Viðar

1963-1

1963-2

1963-9

1963-3

Bæjarás

mógafir

Heybandshólar

1963-4

1963-5

1963-10

1963-6

Langaflog

0 250 500 750 1000 m

Source: Esri, DigitalGlobe, GeoEye, Earthstar Geographics, CNES/Airbus DS, USDA, USGS, AeroGRID, IGN, and the GIS User Community